


## Að flytja, leiðrétta og breyta í Legu

Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á þremur ólíkum aðgerðum **flytja, leiðrétta** og **breyta** í Legu. Þegar leiðrétta á skráningu í Legu má alls ekki nota flutning.

**Flutningur milli þjónustuflokka:** Í hvert sinn sem skipt er um þjónustuflokk verður til ný lega. Þess vegna má ekki nota þessa aðgerð þegar leiðrétta á þjónustuflokk.


**Flutningur milli deilda:** Með því að flytja sjúkling milli deilda flyst legan á nýja deild. Það á ekki alltaf við að skipta um þjónustuflokk um leið og flutt er milli deilda.

**Leiðrétting:** Hægt er að leiðrétta upplýsingar sem skráðar voru er sjúklingur var lagður inn, s.s. þjónustuflokk, ábyrgan lækni, ástæðu innlagnar, innlagnarmáta, tilvísun o.fl. **Athugið, ekki er hægt** að leiðrétta dagsetningu og tíma innlagnar eða deild. Þegar leiðréttingar-aðgerðir eru notaðar breytir það skráningu legunnar frá innlagningsstundu.




**Breyta** t.d. ábyrgum lækni eða hjúkrunarfræðingi breytir frá þeirri stundu sem það er gert. Ef leiðrétta á t.d. ábyrgan lækni frá innlagningsstundu skal nota leiðrétta innritun.

**Yfirlit yfir legur** (þjónustuflokka) sést í trénu í Eyðublöðum og í Legum (neðri glugganum)



**Yfirlit yfir deildir** sem sjúklingur hefur legið á sést í Legum.



Með kveðju

EMR - Heilbrigðislausnir